

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur þriðjudaginn 9. mars 2021

Mál nr. E-988/2020:

Atlantsolía ehf.

(Flóki Ásgeirsson lögmaður)

gegn

íslenska ríkinu

(Ólafur Helgi Arnason lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 9. febrúar sl., var höfðað 3. febrúar 2020 af hálfu félagsins, Atlantsolíu ehf. [...], á hendur íslenskra ríkinu, [...].

Stefnandi krefst þess að stefnda verði gert að greiða honum 88.293.845 krónur með vöxtum, samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 152.217 krónum frá 4. febrúar 2016 til 10. febrúar 2016 en af 224.217 krónum frá þeim degi til 11. febrúar 2016 en af 307.217 krónum frá þeim degi til 15. febrúar 2016 en af 449.300 krónum frá þeim degi til 18. febrúar 2016 en af 573.800 krónum frá þeim degi til 19. febrúar 2016 en af 864.064 krónum frá þeim degi til 25. febrúar 2016 en af 1.558.656 krónum frá þeim degi til 7. mars 2016 en af 1.766.156 krónum frá þeim degi til 8. mars 2016 en af 1.803.779 krónum frá þeim degi til 10. mars 2016 en af 2.019.779 krónum frá þeim degi til 17. mars 2016 en af 2.726.824 krónum frá þeim degi til 23. mars 2016 en af 3.084.824 krónum frá þeim degi til 31. mars 2016 en af 3.445.607 krónum frá þeim degi til 7. apríl 2016 en af 3.803.607 krónum frá þeim degi til 13. apríl 2016 en af 3.886.607 krónum frá þeim degi til 14. apríl 2016 en af 4.113.607 krónum frá þeim degi til 20. apríl 2016 en af 4.471.607 krónum frá þeim degi til 28. apríl 2016 en af 4.829.607 krónum frá þeim degi til 4. maí 2016 en af 5.254.197 krónum frá þeim degi til 9. maí 2016 en af 5.278.607 krónum frá þeim degi til 12. maí 2016 en af 5.631.607 krónum frá þeim degi til 20. maí 2016 en af 5.984.607 krónum frá þeim degi til 26. maí 2016 en af 6.310.001 krónum frá þeim degi til 2. júní 2016 en af 6.708.395 krónum frá þeim degi til 7. júní 2016 en af 6.781.395 krónum frá þeim degi til 9. júní 2016 en af 7.170.895 krónum frá þeim degi til 15. júní 2016 en af 7.913.395 krónum frá þeim degi til 29. júní 2016 en af 8.325.895 krónum frá þeim degi til 30. júní 2016 en af 8.371.306 krónum frá þeim degi til 6. júlí 2016 en af 8.760.806 krónum frá þeim degi til 14. júlí 2016 en af 9.341.092 krónum frá þeim degi til 20. júlí 2016 en af 9.684.592 krónum frá þeim degi til 27. júlí 2016 en af 10.051.092 krónum frá þeim degi til 3. ágúst 2016 en af 10.417.592 krónum frá þeim degi til 10. ágúst 2016 en af 10.784.092 krónum frá þeim degi til 17. ágúst 2016 en af 11.127.592 krónum frá þeim degi til 23. ágúst 2016 en af 11.245.983

krónum frá þeim degi til 24. ágúst 2016 en af 11.566.483 krónum frá þeim degi til 30. ágúst 2016 en af 11.873.483 krónum frá þeim degi til 1. september 2016 en af 11.929.933 krónum frá þeim degi til 7. september 2016 en af 12.213.933 krónum frá þeim degi til 13. september 2016 en af 12.259.322 krónum frá þeim degi til 14. september 2016 en af 12.566.322 krónum frá þeim degi til 16. september 2016 en af 12.701.257 krónum frá þeim degi til 21. september 2016 en af 13.008.257 krónum frá þeim degi til 27. september 2016 en af 13.154.257 krónum frá þeim degi til 28. september 2016 en af 13.338.257 krónum frá þeim degi til 5. október 2016 en af 13.668.257 krónum frá þeim degi til 12. október 2016 en af 13.998.257 krónum frá þeim degi til 19. október 2016 en af 14.351.257 krónum frá þeim degi til 20. október 2016 en af 14.396.650 krónum frá þeim degi til 26. október 2016 en af 14.749.650 krónum frá þeim degi til 2. nóvember 2016 en af 15.079.650 krónum frá þeim degi til 3. nóvember 2016 en af 15.198.043 krónum frá þeim degi til 9. nóvember 2016 en af 15.528.043 krónum frá þeim degi til 15. nóvember 2016 en af 15.601.043 krónum frá þeim degi til 16. nóvember 2016 en af 15.908.043 krónum frá þeim degi til 23. nóvember 2016 en af 16.215.043 krónum frá þeim degi til 30. nóvember 2016 en af 16.558.543 krónum frá þeim degi til 7. desember 2016 en af 16.902.043 krónum frá þeim degi til 8. desember 2016 en af 17.020.440 krónum frá þeim degi til 13. desember 2016 en af 17.035.916 krónum frá þeim degi til 14. desember 2016 en af 17.332.190 krónum frá þeim degi til 19. desember 2016 en af 17.423.440 krónum frá þeim degi til 21. desember 2016 en af 17.789.940 krónum frá þeim degi til 27. desember 2016 en af 17.899.197 krónum frá þeim degi til 29. desember 2016 en af 18.037.197 krónum frá þeim degi til 4. janúar 2017 en af 18.502.950 krónum frá þeim degi til 5. janúar 2017 en af 18.559.203 krónum frá þeim degi til 11. janúar 2017 en af 18.920.203 krónum frá þeim degi til 17. janúar 2017 en af 19.050.887 krónum frá þeim degi til 18. janúar 2017 en af 19.243.203 krónum frá þeim degi til 25. janúar 2017 en af 19.499.703 krónum frá þeim degi til 1. febrúar 2017 en af 19.817.987 krónum frá þeim degi til 8. febrúar 2017 en af 20.276.706 krónum frá þeim degi til 15. febrúar 2017 en af 20.704.206 krónum frá þeim degi til 22. febrúar 2017 en af 21.055.706 krónum frá þeim degi til 23. febrúar 2017 en af 21.131.706 krónum frá þeim degi til 1. mars 2017 en af 21.484.361 krónum frá þeim degi til 6. mars 2017 en af 21.549.706 krónum frá þeim degi til 8. mars 2017 en af 21.901.206 krónum frá þeim degi til 15. mars 2017 en af 22.252.706 krónum frá þeim degi til 22. mars 2017 en af 22.670.706 krónum frá þeim degi til 29. mars 2017 en af 23.088.706 krónum frá þeim degi til 5. apríl 2017 en af 23.667.447 krónum frá þeim degi til 12. apríl 2017 en af 24.085.447 krónum frá þeim degi til 19. apríl 2017 en af 24.531.947 krónum frá þeim degi til 26. apríl 2017 en af 24.949.947 krónum frá þeim degi til 3. maí 2017 en af 25.339.447 krónum frá þeim degi til 4. maí 2017 en af 25.367.947 krónum frá þeim degi til 10. maí 2017 en af 25.757.447 krónum frá þeim degi til 17. maí 2017 en af 26.279.195 krónum frá þeim degi til 24. maí

2017 en af 26.668.695 krónum frá þeim degi til 31. maí 2017 en af 27.020.195 krónum frá þeim degi til 7. júní 2017 en af 27.438.195 krónum frá þeim degi til 8. júní 2017 en af 27.494.442 krónum frá þeim degi til 14. júní 2017 en af 27.845.942 krónum frá þeim degi til 15. júní 2017 en af 27.907.884 krónum frá þeim degi til 21. júní 2017 en af 28.297.384 krónum frá þeim degi til 22. júní 2017 en af 28.367.695 krónum frá þeim degi til 28. júní 2017 en af 28.728.695 krónum frá þeim degi til 29. júní 2017 en af 28.860.949 krónum frá þeim degi til 5. júlí 2017 en af 29.221.949 krónum frá þeim degi til 12. júlí 2017 en af 29.582.949 krónum frá þeim degi til 21. júlí 2017 en af 29.915.449 krónum frá þeim degi til 26. júlí 2017 en af 30.276.449 krónum frá þeim degi til 28. júlí 2017 en af 30.408.711 krónum frá þeim degi til 2. ágúst 2017 en af 30.769.711 krónum frá þeim degi til 4. ágúst 2017 en af 30.901.965 krónum frá þeim degi til 9. ágúst 2017 en af 31.262.965 krónum frá þeim degi til 10. ágúst 2017 en af 31.319.227 krónum frá þeim degi til 16. ágúst 2017 en af 31.642.227 krónum frá þeim degi til 21. ágúst 2017 en af 31.718.227 krónum frá þeim degi til 23. ágúst 2017 en af 32.041.227 krónum frá þeim degi til 30. ágúst 2017 en af 32.420.488 krónum frá þeim degi til 6. september 2017 en af 32.743.488 krónum frá þeim degi til 7. september 2017 en af 32.875.744 krónum frá þeim degi til 13. september 2017 en af 33.198.744 krónum frá þeim degi til 14. september 2017 en af 33.330.989 krónum frá þeim degi til 20. september 2017 en af 33.653.989 krónum frá þeim degi til 27. september 2017 en af 33.948.489 krónum frá þeim degi til 4. október 2017 en af 34.242.989 krónum frá þeim degi til 11. október 2017 en af 34.537.489 krónum frá þeim degi til 18. október 2017 en af 34.831.989 krónum frá þeim degi til 19. október 2017 en af 34.907.989 krónum frá þeim degi til 25. október 2017 en af 35.202.489 krónum frá þeim degi til 26. október 2017 en af 35.334.722 krónum frá þeim degi til 1. nóvember 2017 en af 35.629.222 krónum frá þeim degi til 8. nóvember 2017 en af 35.923.722 krónum frá þeim degi til 15. nóvember 2017 en af 36.218.222 krónum frá þeim degi til 22. nóvember 2017 en af 36.550.722 krónum frá þeim degi til 29. nóvember 2017 en af 36.845.222 krónum frá þeim degi til 6. desember 2017 en af 37.177.722 krónum frá þeim degi til 7. desember 2017 en af 37.295.999 krónum frá þeim degi til 13. desember 2017 en af 37.628.499 krónum frá þeim degi til 19. desember 2017 en af 37.704.499 krónum frá þeim degi til 20. desember 2017 en af 37.925.333 krónum frá þeim degi til 27. desember 2017 en af 38.191.333 krónum frá þeim degi til 3. janúar 2018 en af 38.420.833 krónum frá þeim degi til 10. janúar 2018 en af 38.688.166 krónum frá þeim degi til 17. janúar 2018 en af 38.984.666 krónum frá þeim degi til 18. janúar 2018 en af 39.040.903 krónum frá þeim degi til 24. janúar 2018 en af 39.336.625 krónum frá þeim degi til 31. janúar 2018 en af 39.631.472 krónum frá þeim degi til 7. febrúar 2018 en af 39.731.113 krónum frá þeim degi til 8. febrúar 2018 en af 39.878.653 krónum frá þeim degi til 13. febrúar 2018 en af 40.277.143 krónum frá þeim degi til 14. febrúar 2018 en af 40.346.686 krónum frá þeim degi til 21. febrúar 2018 en af 40.884.086

krónum frá þeim degi til 22. febrúar 2018 en af 40.961.086 krónum frá þeim degi til 7. mars 2018 en af 41.315.840 krónum frá þeim degi til 14. mars 2018 en af 41.630.645 krónum frá þeim degi til 15. mars 2018 en af 41.782.685 krónum frá þeim degi til 21. mars 2018 en af 42.239.721 krónum frá þeim degi til 27. mars 2018 en af 42.542.757 krónum frá þeim degi til 4. apríl 2018 en af 42.922.793 krónum frá þeim degi til 11. apríl 2018 en af 43.302.829 krónum frá þeim degi til 12. apríl 2018 en af 43.356.354 krónum frá þeim degi til 17. apríl 2018 en af 43.388.691 krónum frá þeim degi til 18. apríl 2018 en af 43.845.321 krónum frá þeim degi til 25. apríl 2018 en af 44.216.062 krónum frá þeim degi til 2. maí 2018 en af 44.605.013 krónum frá þeim degi til 9. maí 2018 en af 45.180.962 krónum frá þeim degi til 16. maí 2018 en af 45.599.945 krónum frá þeim degi til 23. maí 2018 en af 46.018.928 krónum frá þeim degi til 30. maí 2018 en af 46.438.191 krónum frá þeim degi til 6. júní 2018 en af 46.857.545 krónum frá þeim degi til 7. júní 2018 en af 46.938.034 krónum frá þeim degi til 8. júní 2018 en af 47.053.534 krónum frá þeim degi til 12. júní 2018 en af 47.499.796 krónum frá þeim degi til 20. júní 2018 en af 47.946.058 krónum frá þeim degi til 21. júní 2018 en af 48.070.850 krónum frá þeim degi til 27. júní 2018 en af 48.517.684 krónum frá þeim degi til 4. júlí 2018 en af 48.965.021 krónum frá þeim degi til 6. júlí 2018 en af 49.045.510 krónum frá þeim degi til 11. júlí 2018 en af 49.531.347 krónum frá þeim degi til 12. júlí 2018 en af 49.646.847 krónum frá þeim degi til 18. júlí 2018 en af 50.067.142 krónum frá þeim degi til 25. júlí 2018 en af 50.498.935 krónum frá þeim degi til 27. júlí 2018 en af 50.706.913 krónum frá þeim degi til 1. ágúst 2018 en af 51.180.009 krónum frá þeim degi til 8. ágúst 2018 en af 51.533.802 krónum frá þeim degi til 15. ágúst 2018 en af 51.883.989 krónum frá þeim degi til 22. ágúst 2018 en af 52.372.151 krónum frá þeim degi til 30. ágúst 2018 en af 52.791.293 krónum frá þeim degi til 5. september 2018 en af 53.210.040 krónum frá þeim degi til 6. september 2018 en af 53.417.639 krónum frá þeim degi til 12. september 2018 en af 53.836.386 krónum frá þeim degi til 19. september 2018 en af 54.255.136 krónum frá þeim degi til 26. september 2018 en af 54.635.591 krónum frá þeim degi til 27. september 2018 en af 54.689.289 krónum frá þeim degi til 3. október 2018 en af 55.108.244 krónum frá þeim degi til 4. október 2018 en af 55.219.467 krónum frá þeim degi til 10. október 2018 en af 55.410.479 krónum frá þeim degi til 11. október 2018 en af 55.637.875 krónum frá þeim degi til 17. október 2018 en af 56.055.825 krónum frá þeim degi til 22. október 2018 en af 56.132.825 krónum frá þeim degi til 23. október 2018 en af 56.550.775 krónum frá þeim degi til 31. október 2018 en af 56.995.432 krónum frá þeim degi til 1. nóvember 2018 en af 57.049.017 krónum frá þeim degi til 7. nóvember 2018 en af 57.350.093 krónum frá þeim degi til 8. nóvember 2018 en af 57.428.609 krónum frá þeim degi til 14. nóvember 2018 en af 57.808.644 krónum frá þeim degi til 15. nóvember 2018 en af 57.885.644 krónum frá þeim degi til 20. nóvember 2018 en af 58.264.139 krónum frá þeim degi til 28. nóvember 2018 en af

58.644.174 krónum frá þeim degi til 29. nóvember 2018 en af 58.697.918 krónum frá þeim degi til 1. desember 2018 en af 58.708.834 krónum frá þeim degi til 5. desember 2018 en af 59.023.579 krónum frá þeim degi til 12. desember 2018 en af 59.338.324 krónum frá þeim degi til 17. desember 2018 en af 59.837.232 krónum frá þeim degi til 20. desember 2018 en af 60.407.259 krónum frá þeim degi til 3. janúar 2019 en af 61.565.896 krónum frá þeim degi til 4. janúar 2019 en af 61.684.093 krónum frá þeim degi til 17. janúar 2019 en af 62.997.248 krónum frá þeim degi til 29. janúar 2019 en af 63.151.357 krónum frá þeim degi til 18. febrúar 2019 en af 64.954.820 krónum frá þeim degi til 7. mars 2019 en af 66.962.593 krónum frá þeim degi til 11. mars 2019 en af 67.209.870 krónum frá þeim degi til 9. apríl 2019 en af 67.304.198 krónum frá þeim degi til 12. apríl 2019 en af 69.460.721 krónum frá þeim degi til 23. apríl 2019 en af 69.501.493 krónum frá þeim degi til 13. maí 2019 en af 71.866.270 krónum frá þeim degi til 20. maí 2019 en af 72.020.116 krónum frá þeim degi til 11. júní 2019 en af 74.454.880 krónum frá þeim degi til 19. júní 2019 en af 74.549.389 krónum frá þeim degi til 1. júlí 2019 en af 74.683.786 krónum frá þeim degi til 10. júlí 2019 en af 76.626.180 krónum frá þeim degi til 18. júlí 2019 en af 76.874.822 krónum frá þeim degi til 29. júlí 2019 en af 76.984.522 krónum frá þeim degi til 8. ágúst 2019 en af 78.862.517 krónum frá þeim degi til 23. ágúst 2019 en af 79.110.732 krónum frá þeim degi til 3. september 2019 en af 79.160.137 krónum frá þeim degi til 10. september 2019 en af 81.290.332 krónum frá þeim degi til 2. október 2019 en af 81.485.854 krónum frá þeim degi til 14. október 2019 en af 83.618.006 krónum frá þeim degi til 21. október 2019 en af 83.864.248 krónum frá þeim degi til 18. nóvember 2019 en af 85.918.849 krónum frá þeim degi til 9. desember 2019 en af 87.999.646 krónum frá þeim degi til 10. desember 2019 en af 88.243.412 krónum frá þeim degi til 19. desember 2019, en af 88.293.845 krónum frá þeim degi til 3. febrúar 2020 og með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda samkvæmt mati dómsins eða síðar framlögðum málskostnaðarreikningi. Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda en til vara að kröfur stefnanda verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

I

Málsatvik

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara hefur stefnanda verið gert að greiða svokallað flutningsjöfnunargjald. Á árunum 2016-2019 námu þessar greiðslur stefnanda 88.293.845 krónum og er það stefnufjárhæð málsins. Stefnandi telur gjaldtöku þessa ólögmeta og krefst í málinu endurgreiðslu áður nefndrar fjárhæðar.

Lög nr. 103/1994 voru felld úr gildi með lögum nr. 89/2020 um breytingu á lögum nr. 160/2011 um svæðisbundna flutningsjöfnun og var gjaldtaka sú sem deilt er um í máli þessu aflögð um síðustu áramót. Fer nú um þennan málaflokk samkvæmt ákvæðum laga nr. 160/2011 en ágreiningsefni málsins lýtur að lögmæti gjaldtökuákvæðis laga nr. 103/1994 á þeim tíma er þau lög voru í gildi.

Flutningsjöfnunarsjóður olíuvara starfaði á grundvelli fyrrnefndra laga nr. 103/1994 og var hlutverk hans að jafna flutningskostnað á olíuvörum sem ætlaðar voru til nota innanlands. Náði jöfnunin til flutnings á bensíni, gasolíu, öðrum olíum og blöndum til brennslu, flugvélabensíns og flugsteinolíu til innanlandsflugs. Jöfnunin náði hins vegar ekki til flutnings á olíum ætluðum til útflutnings, svo sem til millilandasiglinga, millilandaflugs, erlendra skipa og flugvéla. Jöfnunin tók til flutnings á framangreindum olíuvörum sjóleiðis frá innflutningshöfn til annarra hafna í landinu og til landflutninga með tankbifreiðum til allra útsölustaða í byggð, frá næstu innflutningshöfn eða höfn sem gat tekið við þessum olíuvörum. Myndaður mun hafa verið sérstakur reikningur fyrir mismunandi flokka olíuvara sem gerður var sérstaklega upp með hliðsjón af tekjum og gjöldum viðkomandi flokks og var nánar kveðið á um það í 4. gr. laganna.

Í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 103/1994 sagði að leggja skyldi flutningsjöfnunargjald á allar olíuvörur sem fluttar væru til landsins og ætlaðar væru til nota innanlands. Samkvæmt 2. gr. ákvæðisins var Byggðastofnun falið að ákveða gjald á olíuvörur að fenginni tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara og skyldi fjárhæð flutningsjöfnunargjalds hvers flokks, sbr. 4. gr., við það miðuð að tekjur af gjaldinu nægðu til að greiða flutningskostnað á því magni af olíuvörum hvers flokks sem flytja þyrfti frá næstu innflutningshöfn eða olíuhöfn til þeirra olíuhafna eða útsölustaða sem jöfnun flutningskostnaðar náði til svo að fullnægt væri eftirspurn eftir þeim olíuvörum sem dreift væri þaðan. Með lögum nr. 47/2018 var gerð sú breyting á lögum nr. 103/1994 að tekjurnar runnu ekki í sérstakan „flutningsjöfnunarsjóð“ heldur runnu nú beint í ríkissjóð. Framkvæmdin hvað þetta varðar mun þó ekki hafa breyst. Jafnframt bættist við ákvæði um að á grundvelli heimildar í fjárlögum skyldi ráðherra ákvarða fjárveitingu í flutningsjöfnunarsjóð olíuvara sem næmi að lágmarki áætlun fjárlaga um innheimtu tekna af gjaldi, sbr. 1. málslíð 1. mgr. 2. gr. laganna.

Í 3. gr. laganna var nánar kveðið á um gjaldskyldu innflytjenda olíuvara og samkvæmt ákvæðinu gat tilhögun greiðslu verið með tvennum hætti. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. greiddu þeir innflytjendur sem önnuðust innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum flutningsjöfnunargjaldið af sölu í hverjum mánuði og eigi síðar en á síðasta virka degi að þremur mánuðum liðnum frá lokum sölumánaðar. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. greiddu aðrir innflytjendur flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt mótttekið magn eins og óumdeilt er að á við í tilviki stefnanda.

Fyrir liggur, og ekki er deilt um, að stefnandi flutti á framangreindu tímabili, 2016-2019, inn olíuvörur sem ætlaðar voru til nota hér á landi og að stefndi lagði á og innheimti umrætt flutningsjöfnunargjald frá stefnda samtals að fjárhæð 88.293.845 krónur á framanröktum lagagrundvelli. Þá er óumdeilt að stefnandi naut á sama tímabili greiðslna úr flutningsjöfnunarsjóði olíuvara á grundvelli 4. gr. laga nr. 103/1994. Fram kom við flutning málsins að aðilar voru sammála um að sú fjárhæð hefði á framangreindu tímabili numið 22.211.341 krónu en í málinu hafa ekki hafa verið lögð fram nein gögn þar að lútandi.

II

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Af hálfu stefnanda er ekki dregið í efa að innflutningur hans á olíuvörum sem ætlaðar voru til nota hér á landi á árunum 2016, 2017, 2018 og 2019 falli undir ákvæði laga nr. 103/1994 og að álagning stefnda á flutningsjöfnunargjaldi á grundvelli laganna á þessu tímabili hafi farið fram í samræmi við fyrirmæli þeirra. Stefnandi byggir hins vegar á því að ákvæði laganna uppfylli ekki þær stjórnskipulegu kröfur sem gerðar eru til sköttunarheimilda samkvæmt 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar.

Flutningsjöfnunargjald samkvæmt lögum nr. 103/1994 sé ótvírætt skattur í merkingu 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar sem styðjast þurfi við fullgilda sköttunarheimild. Gjaldskylda samkvæmt lögum sé óháð því hvort hinn gjaldskyldi aðili sé meðal þeirra sem njóti greiðslna úr flutningsjöfnunarsjóði. Ekkert nauðsynlegt samband sé þar á milli enda sé flutningsjöfnunargjaldið lagt á innflutning á olíuvörur án tillits til þess hvort innflytjandi stundar jafnframt flutning á olíu innanlands sem jöfnun flutningskostnaðar samkvæmt lögum nær til. Ekkert sérgreint endurgjald kemur þannig fyrir það flutningsjöfnunargjald sem lagt hafi verið á samkvæmt lögum.

Samkvæmt skýrum ákvæðum 3. mgr. 3. gr. laganna hafi innheimtumenn ríkissjóðs annast innheimtu gjaldsins og skilað því til ríkissjóðs. Skylda samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laganna, til að ákvarða fjárveitingu til flutningsjöfnunarsjóðs á grundvelli og í samræmi við fjárlög breyti framangreindu fyrirkomulagi við innheimtu og ráðstöfun gjaldsins.

Stefnandi tekur fram að í fullgildri sköttunarheimild, samkvæmt 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar, skuli koma fram hverjir séu gjaldskyldir, við hvað gjaldið skuli miðast og hver skuli vera fjárhæð þess, sbr. meðal annars dóma Hæstaréttar í málum nr. 705/2010 og nr. 726/2013. Að baki þessum áskilnaði búi það sjónarmið að til þess að skattur geti talist ákveðinn „með lögum“ í skilningi 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar þurfi löggjafinn að hafa tekið afstöðu til þessara meginatriða skattheimtunnar í settum lögum.

Lög nr. 103/1994 hafi ekki að geyma ákvæði um fjárhæð flutningsjöfnunargjalds eða við hvað gjaldið skuli miðast og uppfylli því ekki framangreindar kröfur

stjórnarskrárinnar til fullgildrar sköttunarheimildar. Þess í stað sé Byggðastofnun falið berum orðum í 2. mgr. 2. gr. laganna að ákveða gjaldið og þar með fjárhæð þess og við hvað það skuli miða. Þetta fyrirkomulag sé í beinni andstöðu við skýrt orðalag 2. málsliðar 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar þar sem kveðið sé á um bann við framsali skattlagningarvalds til stjórnvalda.

Auk þess sem Byggðastofnun sé berum orðum falið það hlutverk í 2. mgr. 2. gr. að ákveða fjárhæð gjaldsins sé stjórn flutningsjöfnunarsjóðs falið í 8. gr. laganna að úrskurða hvað teljist flutningskostnaður samkvæmt lögunum. Fyrirmæli 2. mgr. 2. gr., þess efnis að ákvörðun Byggðastofnunar á fjárhæð flutningsjöfnunargjalds skuli við það miðuð að tekjur af gjaldinu nægi til að greiða flutningskostnað á því magni af olíuvörum sem flytja þarf frá næstu innflutningshöfn eða olíuhöfn til þeirra olíuhafna eða útsölastaða sem jöfnun flutningskostnaðar nær til svo að fullnægt verði eftirspurn eftir þeim olíuvörum sem dreift er þaðan, feli af þessum sökum ekki í sér lögbundna afmörkun á fjárhæð gjaldsins eða við hvað það skuli miðað enda er úrskurðarvald um það hvað skuli teljast flutningskostnaður í þessum skilningi í höndum stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs.

Af sömu ástæðu felist heldur ekki slík afmörkun í fyrirmælum lokamálsliðar 2. mgr. 4. gr. laganna, þess efnis að stefnt skuli að því að ná jafnvægi milli álagðra flutningsjöfnunargjalda og útgjalda vegna flutningsjöfnunar hvers flokks innan almanaksársins enda sé úrskurðarvald um það hvað skuli teljast til flutningskostnaðar, og þar með úrskurðarvald um útgjöld vegna flutningsjöfnunar samkvæmt lögunum, í höndum stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs. Þar sem útgjöldin séu ekki lögbundin feli það ekki í sér lögbundna afmörkun á flutningsjöfnunargjaldinu að stefnt skuli að jafnvægi milli þessara stærða samkvæmt ákvæðum þeirra.

Fyrirmæli laga nr. 103/1994 um flutningsjöfnunargjald uppfylli samkvæmt framanröktu hvorki það skilyrði fullgildra sköttunarheimilda, samkvæmt 40. og 77. stjórnarskrárinnar, að mælt sé fyrir um fjárhæð gjaldsins í lögum, né það skilyrði, að mælt sé fyrir um í lögum við hvað gjaldið skuli miðast.

Með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda 18. desember 2019 hafi Byggðastofnun tilkynnt ákvörðun sína á flutningsjöfnunargjaldi frá og með 1. janúar 2020. Samkvæmt ákvörðuninni skuli gjaldið nema 0,50 krónum á lítra af bifreiðabensíni, 0,75 krónum á lítra af gasolíu, 0,15 krónum á lítra af flugsteinaolíu, 0,10 krónum á lítra af flugvélabensíni og 0,05 krónum á kíló af öðrum olíum og blöndum til brennslu. Samsvarandi auglýsingar um ákvarðanir Byggðastofnunar á flutningsjöfnunargjaldi frá og með 1. maí 2016, 1. janúar 2017, 1. janúar 2018 og 1. janúar 2019 hafi birst í B-deild Stjórnartíðinda 20. apríl 2016, 20. desember 2016, 20. desember 2017 og 18. desember 2018.

Stefnandi kveður enga stoð vera fyrir því í ákvæðum laga nr. 103/1994 að flutningsjöfnunargjald skuli miðað við rúmmál eða þyngd olíuvöru eins og gert er með framangreindum ákvörðunum Bygðastofnunar. Enn síður sé stoð fyrir því í ákvæðum laganna að miða gjaldið ýmist við rúmmál eða þyngd eftir því um hvaða olíuvöru er að ræða, eins og þar sé gert. Þá verði þeim fjárhæðum sem tilgreindar séu í ákvörðunum Bygðastofnunar ekki fundin nein stoð í ákvæðum laganna. Ástæða þess sé sú að lögin hafi hvorki að geyma fyrirmæli um hvernig fjárhæð gjaldsins skuli ákvörðuð né fyrirmæli um við hvað gjaldið skulið miðað.

Samkvæmt framanröktu sé álagning flutningsjöfnunargjalds reist á lagagrundvelli sem uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar séu til fullgildrar sköttunarheimildar samkvæmt stjórnarskrá. Álagninguna skorti af þessum sökum viðhlítandi stoð í lögum og sé þar með ólögmæt.

Samkvæmt því, og með vísan til 1. og 3. mgr. 8. gr. laga nr. 150/2019, beri stefnda að endurgreiða stefnanda það fé sem oftekið hafi verið af stefnanda vegna áranna 2016, 2017, 2018 og 2019 ásamt vöxtum, samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, frá þeim tíma sem hver greiðsla um sig átti sér stað og með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá stefnubirtingardegi 3. febrúar 2020, til greiðsludags. Þá beri jafnframt að gera stefnda að greiða stefnanda málskostnað í samræmi við fyrirmæli 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi tekur fram að ekki sé neinn tölulegur ágreiningur í málinu eða að stefnandi hafi greitt þær fjárhæðir til stefnda sem greinir í kröfugerð hans og með þeim hætti sem endurgreiðslukrafa hans gerir ráð fyrir hvað varðar gjalddaga, vexti og dráttarvexti. Þá geti sjónarmið stefnda um tómlæti ekki komið til neinna álita í málinu þar sem skattaðili geti ekki glatað endurgreiðslurétti þar sem um ólögmdæta gjalddtöku hafi verið að ræða.

Stefnandi hafnar varakröfu stefndu sem ekki geti komið til skoðunar í málinu. Engu máli skipti fyrir endurgreiðslukröfu stefnanda vegna ólögmdætrar gjalddtöku hvort hann hafi fengið greitt úr sjóðnum samkvæmt ákvæðum laganna. Engin tengsl séu þar á milli. Auk þess sé varakrafa stefnda svo óskýr að ekki geti komið til álita að taka hana til greina. Þá eigi tómlæti ekki við í málinu og sjónarmið stefnda um auðgun séu of seint fram komin og auk þess efnislega röng.

III

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi kveðst hafna og mótmæla öllum málsástæðum og lagarökum stefnanda og byggir á því að álagning flutningsjöfnunargjalds samkvæmt lögum nr. 103/1994 uppfylli þær stjórnskipulegu kröfur sem gerðar séu til álagningar gjaldsins. Hvort sem fallist yrði á

skilning stefnanda um að gjaldtakan teljist skattur eða að litið yrði á gjöldin sem þjónustugjöld sé ljóst að gjaldtakan byggist á skýrum lagaákvæðum.

Rétt sé að hafa í huga að þegar vafi geti leikið á því hvort gjald er skattur eða þjónustugjald kunni sérsjónarmið að gilda enda geti gjaldtökuheimildir falið í sér frávik frá þeim almennu sjónarmiðum sem gildi um skatta og þjónustugjöld. Stefndi tekur fram að fyrir setningu laga nr. 47/2018 hafi umrætt gjald runnið beint til flutningsjöfnunarsjóðs en eftir gildistöku þeirra laga hafi verið gert ráð fyrir að gjaldið rynni í ríkissjóð. En vegna hinna beinu, nánú og efnislegu tengsla á milli gjaldsins og fjárveitingar flutningsjöfnunarsjóðs hafi gjaldið áfram runnið beint í sjóðinn án viðkomu í ríkissjóði.

Sú fullyrðing stefnanda að flutningsjöfnunargjaldið standist ekki kröfur stjórnarskrár um gilda skattlagningarheimild þar sem ekki sé kveðið á um fjárhæð þess í lögum, standist ekki skoðun að mati stefnda.

Stefndi bendir á að þess finnist dæmi í löggjöf að endanleg fjárhæð gjalda sé ekki ákvörðuð í lögum og standist slíkt fyrirkomulag stjórnarskrá ef sú aðferðarfræði sem notuð sé til að reikna út gjald er lögfest. Dómstólar hafi fallist á að slíkt fyrirkomulag uppfylli kröfur stjórnarskrár um skattlagningu og megi t.d. benda á dóm Hæstaréttar í máli nr. 213/2016 sem varðaði útreikning þorskígilda við ákvörðun veiðigjalds. Einnig megi benda á nýlegan dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-406/2019 varðandi lögmæti gjaldtöku á útboðsgjaldi. Gjaldið hafi verið talið standast kröfur stjórnarskrár enda hafi verið kveðið á um það í lögum hvernig gjaldið skyldi ákvarðað, þ.e. með tilboðum í tollkvóta.

Stefndi hafni því einnig að gjaldtakan standist ekki stjórnskipulegar kröfur þar sem ekki sé mælt fyrir um það í lögum við hvað gjaldið skuli miðast. Stefndi kveðst telja að aðferðarfræðin við gjaldtökuna sé útfærð með fullnægjandi hætti í lögum sjálfum.

Þannig sé skýrt afmarkað í 3. gr. laga nr. 103/1994 hverjir séu gjaldskyldir aðilar. Í 1. mgr. 3. gr. segi að innflytjendur, sem annist innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, sbr. 1. gr., skuli reikna og greiða flutningsjöfnunargjaldið af sölu í hverjum mánuði eigi síðar en á síðasta virkum degi að þremur mánuðum liðnum frá lokum solumánaðar. Í 2. mgr. 3. gr. laganna segi að aðrir innflytjendur bensíns og olíu, sbr. 1. gr., skuli greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Þeir innflytjendur sem annist innanlandssölu í öllum landshlutum greiði flutningsjöfnunargjaldið af sölu. Á sama tíma sé endurgreiddur flutningskostnaður sem til hafi fallið á sama tímabili samkvæmt skilgreiningu stjórnar á flutningskostnaði á hverjum tíma. Þessir aðilar greiði því „nettó“ í sjóðinn eða, eftir atvikum, fái endurgreitt „nettó“ úr sjóðnum. Þessi háttur hafi verið viðhafður frá upphafi.

Óumdeilt sé að stefnandi þessa máls greiði flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt mótttekið magn, sbr. 2. mgr. 3. gr. laganna.

Stefndi bendir á að gjaldstofninn sé svo ákvarðaður í 1. málslið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 103/1994 en þar komi fram að leggja skuli flutningsjöfnunargjald á allar olíuvörur, sem fluttar séu til landsins og ætlaðar eru til nota innan lands.

Aðferðafræðin við útreikning gjaldsins sé afmörkuð í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 103/1994. Þar komi fram að Byggðastofnun ákveði, að fenginni tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara, flutningsjöfnunargjaldið fyrir minnst þrjú mánuði í senn og skuli fjárhæð flutningsjöfnunargjalds hvers flokks við það miðuð að tekjur af gjaldinu nægi til að greiða flutningskostnað á því magni af framangreindum olíuvörum sem flytja þurfi frá næstu innflutningshöfn eða olíuhöfn til þeirra olíuhafna eða útsölastaða sem jöfnun flutningskostnaðar nái til svo að fullnægt sé eftirspurn eftir þeim olíuvörum sem dreift sé þaðan. Í 2. og 3. mgr. 1. gr. laganna sé ítarlega tilgreint hvaða flutningur það er sem jöfnun flutningskostnaðar nái til. Við ákvörðun gjaldsins þurfi því að taka mið af því að unnt sé að standa straum af þeim kostnaði. Upphaflega, þegar lögin hafi verið sett, hafi birgðakerfi olúfélaganna verið þannig sett upp, þ.e. skráning á bensíni og gasolíu hafi verið skráð í lítrum og svartolía verið skráð í kílóum. Á þeim tíma hafi verið þrjú stór félög á þessum markaði og hverfandi það sem innheimtist í tolli. Þá hafi tegundir eldsneytis einnig verið mun færri og einfaldari en nú er.

Stefnandi hafi greitt viðkomandi gjald frá árinu 2003 og því verði að líta svo á að um ákveðið tómlæti sé að ræða af hans hálfu hvað varðar endurgreiðslukröfu.

Hvað varði varakröfu um lækkun kröfu stefnanda bendir stefndi á að stefnandi hafi fengið greitt úr flutningsjöfnunarsjóði olíuvara á því tímabili sem endurgreiðslukrafa hans nái til. Þær greiðslur beri að sjálfsögðu að draga frá stefnukröfunni vegna þeirra tengsla sem óhjákvæmilega séu fyrir hendi hvað varðar álagningu gjaldsins og greiðslna úr flutningsjöfnunarsjóði.

Til stuðnings kröfum stefnda um málskostnað vísast til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 129. og 130. gr.

IV

Niðurstaða

Í máli þessu er deilt um það hvort stefnandi eigi rétt á endurgreiðslu á flutningsjöfnunargjaldi sem lagt var á hann samkvæmt ákvæðum laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara þar sem um ólögmetta gjaldtöku sé að ræða. Lög nr. 103/1994 hafa nú verið afnumin eins og áður er fram komið.

Stefnandi byggir á því að umrætt gjald sé skattur og með málsókninni leitar hann úrlausnar dómsins um lögmeti álagningarinnar sem hann telur að fari í bága við 40. og

77. gr. stjórnarskrárinnar. Tekur kröfugerð stefnanda til álagðs gjalds á árunum 2016-2019. Byggir hann á því að viðhlítandi lagastoð hafi ekki verið fyrir hendi við álagningu skattsins auk þess sem þau ákvæði sem gjaldið hafi verið reist á feli í sér ólögmett valdframsál til stjórnvalda um ákvörðun þess. Gjaldtakan sé því ólögmett og beri stefnda því að endurgreiða honum umkrafðar fjárhæðir sem séu óumdeildar. Stefndi telur gjaldtökuna lögmæta hvort sem talið verði að um skatt eða þjónustugjald sé að ræða.

Í lögum er ekki að finna skilgreiningu á hugtakinu skattur en það hefur á hinn bóginn verður skýrt svo í dómaframkvæmd að um sé að ræða greiðslu sem tilteknir hópar einstaklinga eða lögaðila verði að inna af hendi til hins opinbera samkvæmt einhliða ákvörðun ríkisvaldsins eftir almennum, efnislegum mælikvarða. Greiðslan er þá innt af hendi án sérstaks endurgjalds frá hinu opinbera eins og raunin er þegar um þjónustugjöld er að ræða sem er ætlað að standa undir kostnaði við tiltekna þjónustu sem er veitt gjaldanda. Með framangreint í huga, og að því gættu hve skatthugtakið hefur verið skýrt rúmt í 40. gr. og 77. gr. stjórnarskrárinnar, telur dómurinn ljóst að umrætt gjald sé skattur í skilningi 40. gr. stjórnarskrárinnar en þar segir að engan skatt megi á leggja, breyta eða taka af nema með lögum. Þá segir í 77. gr. stjórnarskrárinnar að skattamálum skuli skipa með lögum og að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Enginn skattur verði lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu. Kemur þá til skoðunar hvort umrædd gjaldtaka uppfylli kröfur 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar.

Þau lagaákvæði sem nánar reynir á í þessu máli var að finna í þágildandi lögum nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara sem komu í stað laga nr. 81/1985 um flutningsjöfnunarsjóð og innkaupajöfnun olíu og bensíns. Samkvæmt þessu regluverki var komið á fót kerfi þar sem markmiðið var að jafna flutningskostnað innanlands með samspili innheimtra gjalda inn í sjóðinn og greiðslna vegna kostnaðar úr sjóðnum, hvort tveggja með nánar tilteknum hætti.

Jöfnun flutningskostnaðar á olíuvörum var ætlað að ná til flutningskostnaðar innanlands milli olíuflutningshafna og olíuhafna sem gátu tekið á móti olíuskipum, og jafnframt til ákveðinna lykilverslunarstaða sem væru án viðunandi hafnar. Þetta fyrirkomulag gerði ráð fyrir álagningu flutningsgjalds á allar olíuvörur sem fluttar voru til landsins sem rann í flutningsjöfnunarsjóð og endurgreiðslum úr sjóðnum vegna kostnaðar við flutning frá innflutningshöfn eða olíuhöfn til þeirra olíuhafna og útsölustaða sem jöfnunin náði til samkvæmt ákvæðum laganna. Ljóst er því að inn- og útstreymi úr sjóðnum var ætlað að vera nátengt.

Nauðsynlegt þykir hér að rekja ákvæði laganna nánar efnislega. Samkvæmt 1. gr. laganna skal flutningskostnaður á olíuvörum innanlands jafnaður. Nær jöfnun á flutningskostnaði til flutninga á bifreiðabensíni, gasolíu, öðrum olíum og blöndum til brennslu, flugvélabensíni og flugsteinolíu (þotueldsneyti) til innanlandsflugs. Jöfnun

flutningskostnaðar nær til flutnings á bensíni og öðrum olúvörum sjóðleiðis frá innflutningshöfnum til annarra hafna á landinu sem geta tekið við bensíni og olúvörum með leiðslu úr tankskipi. Jafnframt nær jöfnun flutningskostnaðar til landflutninga á bensíni og dísilolíu með tankbifreið til allra útsölastaða í byggð, þ.e. utan hálendis, frá næstu innflutningshöfn eða næstu höfn sem getur tekið við bensíni og dísilolíu frá tankskipi úr olífuleiðslu.

Í 1. mgr. 2. gr. segir nánar að leggja skuli flutningsjöfnunargjald á allar olúvörur sem fluttar eru til landsins og ætlaðar eru til nota innanlands, sbr. 1. gr., og rennur gjaldið í ríkissjóð. Þá segir að á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum skuli ráðherra ákvarða fjárveitingu í sérstakan sjóð, flutningsjöfnunarsjóð olúvara, sem nemi að lágmarki áætlun fjárlaga um innheimtu tekna af flutningsjöfnunargjaldinu.

Í 2. mgr. 2. gr. er mælt nánar fyrir um ákvörðun flutningsjöfnunargjalds. Þar segir að Byggðastofnun, að fenginni tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs olúvara, ákveði gjald á olúvörur samkvæmt 1. mgr. fyrir minnst þrjú mánuði í senn og skuli fjárhæð gjalds hvers flokks, sem nánar eru skilgreindir í 4. gr., við það miðuð að tekjur af gjaldinu nægi til að greiða flutningskostnað á því magni af framangreindum olúvörum sem flytja þarf frá næstu innflutningshöfn eða olúhöfn til þeirra olúhafna eða útsölastaða sem jöfnun flutningskostnaðar nær til svo að fullnægt verði eftirspurn eftir þeim olúvörum sem dreift er þaðan. Á grundvelli ákvæðisins hafa verið birtar auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda um fjárhæðir gjaldsins hverju sinni.

Í 3. gr. er mælt fyrir um hvaða aðilar eru gjaldskyldir en það eru samkvæmt 1. mgr. innflytjendur sem annast innanlandssölu á olú í öllum landshlutum, sbr. 1. gr., og skulu þeir reikna og greiða flutningsjöfnunargjaldið af sölu í hverjum mánuði og samkvæmt 2. mgr. eru það aðrir innflytjendur bensíns og olú, sbr. 1. gr., og skulu þeir greiða gjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Óumdeilt er að stefnandi fellur undir 2. mgr. ákvæðisins.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. skal svo greiða úr flutningsjöfnunarsjóði olúvara kostnað við flutning olú frá innflutningshöfn eða olúhöfn til þeirra olúhafna og útsölastaða sem jöfnun flutningskostnaðar nær til samkvæmt lögnum. Óumdeilt er að stefnandi hefur notið slíkra greiðslna á því tímabili sem krafa hans nær til.

Í dómaframkvæmd hefur löggjafanum verið játað víðtækt vald til að ákveða hvaða atriði ráða skattskyldu en almennt þurfa skattlagningarheimildir að kveða á um skattskyldu tiltekins hóps, skattstofn og gjaldstig eða að öðru leyti reglur um útreikning fjárhæðar skattsins. Þá ræðst fjárhæð skatts sem einstökum gjaldendum er gert að greiða jafnan af upplýsingum sem þeir eða aðrir veita skattyfirvöldum og er lögmæt skattheima á því byggð að lög mæli fyrir um hvernig fjárhæð álagðs gjalds sé fundin.

Í máli þessu liggur fyrir að í 3. gr. laganna er tilgreint með skýrum hætti hverjir teljist gjaldskyldir aðilar og í 1. málslíð 1. mgr. 2. gr. laganna er gjaldstofninn nánar

ákvarðaður. Þá telur dómurinn það einnig liggja fyrir með nægilega skýrum hætti í 2. mgr. 2. gr. hvaða aðferð skuli beitt við álagningu gjaldsins. Þannig er þar mælt fyrir um að gjaldið skuli ákveðið fyrir minnst þrjá mánuði í senn og skuli fjárhæð þess miðuð við að tekjur af gjaldinu nægi til að greiða flutningskostnað á því magni af nánar tilgreindum olíuvörum sem flytja þarf frá næstu innflutningshöfn eða olíuhöfn til þeirra olíuhafna eða útsölastaða sem jöfnun flutningskostnaðar nær til svo að fullnægt verði eftirspurn eftir þeim olíuvörum sem dreift sé þaðan. Ákvörðun um hvort gjaldið skuli leggjá á er því ekki í höndum stjórnvalda í skilningi 77. gr. stjórnarskrárinnar.

Þá er einnig ljóst að vegna eðlis gjaldsins og framangreinds samspils þess og greiðslna úr flutningsjöfnunarsjóði, getur fjárhæð þess verið mjög breytileg og fyrirsjáanlegt að örðugt getur verið að mæla sérstaklega fyrir um ákveðnar fjárhæðir í lögnum. Á hinn bóginn er alveg ljóst á hvað gjaldið er lagt, þ.e. allar olíuvörur sem fluttar eru til landsins og eru ætlaðar til nota innanlands og flokkar olíuvara nánar tilgreindir í 1. og 4. gr. laganna. Þá er einnig ljóst að gjaldið ákvarðast af sölutölum eða aðflutningsgjöldum og að greiðslur úr sjóðnum ákvarðast af áætlun um innheimtu tekna.

Það er því niðurstaða dómsins að í lögum nr. 103/1994 sé mælt fyrir með nægilega skýrum hætti um þá aðferð sem stjórnvöldum er skylt að fylgja þegar þau skilyrði sem nánar er lýst í lögnum eru uppfyllt. Verður að hafna málsástæðum stefnanda um að sú skattlagning sem felst í innheimtu flutningsjöfnunargjalds fari í bága við fyrirmæli ákvæða stjórnarskrárinnar. Þá verður ekki séð að ákvörðun um gjalddöku sé með ólögætum hætti lögð í hendur stjórnvalda.

Með vísan til alls framangreinds er kröfum stefnanda um endurgreiðslu gjaldsins því hafnað og ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda. Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefnandi gert að greiða stefnda 500.000 krónur í málskostnað.

Hólmfríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af kröfum stefnanda, Atlantsolíu ehf.

Stefnandi greiði stefnda 500.000 krónur í málskostnað.

Hólmfríður Grímsdóttir